

Leiksmiðjan - sköpun í stafrænum heimi

Lokaskýrsla

Kennsluþróunarverkefnið, *Leiksmiðja sköpun í stafrænum heimi*, er tilraunaverkefni sem hófst haustið 2019. Markmiðið með Leiksmiðjunni var að skapa vettvang fyrir gagnvirka leiklist og var námskeiðinu ætlað að vera lifandi leikhúsvettvangur og miðstöð tilrauna fyrir hvers kyns leiklist sem tengist netmiðlum; allt frá lifandi uppákomum til tilbúinna mynd- og hljóðverka. Umsjónarkennari Leiksmiðjunnar er Rannveig Björk Þorkelsdóttir og henni til aðstoðar voru Snorri Gunnarsson, sem sá um tæknimál vefsins, og Jóna Guðrún Jónsdóttir. Námskeiðið er kennt annað hvert ár og er það skylda hjá nemendum á leiklistarkjörsviði en opið öllum nemendum í meistaranámi í list- og verkgreinum. Áhersla var á stafrænar sviðslistir þ.m.t. leiksýningar og hljóðverk þar sem tölvutækni er notuð til að miðla verki eða er hluti af verki. Í framhaldi af námskeiðinu var útbúin vefsíða fyrir kjörsviðið leiklist www.leikumaflist.com

Vefurinn www.leikumaflist.com er kennslu- og veffræðaumhverfi á sviði kennslu og rannsókna í leiklist og er nú þegar samansafn af verkum nemenda og kennara ásamt fjölda rannsókna og heildstæðra ferla í leiklist. Vefsíðan er opin öllum nemendum við Háskóla Íslands ásamt kennurum við HÍ sem og almennum kennurum sem vilja kynnast og nota leiklist og netmiðla.

Á heildina litið má segja að verkefnið hafi heppnast vel. Nemendur voru virkir í listmiðlun og gagnavirku efni sem nýtist þeim án efa í framtíðinni. Vefurinn er kominn til að vera og eru öll verkefni frá nemendum aðgengileg á vefsíðunni. Nemendur fengu kennslu í leiklistarkennslu og listmiðlun þ.m.t. kvikmyndagerð og útvarpsleikhús. Þeir lærðu að nota stafræna tækni til að setja upp sýningu t.d. í gegnum vörpun, þau settu upp leikrit sem hljóðmynd og streymdu lifandi leikhúsi á facebook. Þá lærðu nemendur að setja efni inn á vefinn og fengu örkennslu í vefmiðlun. Þar sem um nýjan gagnvirkar kennslu- og fræðavef á sviði kennslu og rannsókna í leiklist hefur verkefnið stuðlað að aukinni kennslufærni í notkun vefmiðla og nýsköpun fyrir kennaranemar til taka með sér út á vettvang. Bæði vefurinn og kennsluefni frá Leiksmiðjunni hefur nú þegar nýst í fjölmörgum námskeið t.d. Frá hugmynd til sýningar, Að leika og skapa, Leiklistarkennarinn, Leiklist fyrir alla, Leiklistarbræðingur og Hreyfing og leikræn tjáning.

Verkefnið verður kynnt á ráðstefnu í Mílanó 2021, á Cutting Edge ráðstefnunni í febrúar 2022 í Kristiansand í Noregi, á Menntakvikunni 2022 og með greinaskrifum í vefþímaritinu Netlu í þeim

tilgangi að hvetja aðra kennara á Menntavísindasviði til að taka upp sambærilega kennsluhætti og efla notkun stafrænnar miðlunar í kennslu.